

Pinggerð

16. ársþing Kraftlyftingasambands Íslands var haldið þann 7. mars 2026 og hófst þinghald kl. 17.

1. Þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi.

Laufey Agnarsdóttir formaður Kraft bauð gesti velkomna á ársþingið. Fyrsta og annað þingboð voru send með löglegum fyrirvara. Rétt hefur verið boðað til þingsins og það því úrskurðað lögmætt.

2. Þinggerð síðasta þings lögð fram

Þinggerð síðasta þings hefur legið fyrir á netinu allt árið. Formaður bar þinggerð til samþykktar. Samþykkt einróma af fundarmönnum.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Formaður Kraft lagði til að Gísli Guðni Hall yrði kosinn þingforseti og Gry Ek Gunnarsson til vara. Bæði eru réttkjörin. Þingforseti kom í pontu og þakkaði traustið.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Lögð fram tillaga um Elínu Melgar Aðalheiðardóttur sem þingritara og Þórunni Brynju Jónasdóttur til vara. Elín og Þórunn eru réttkjörnar.

5. Kosning nefnda

- Gerð var tillaga um að Lára Bogey Finnbogadóttir, Kristleifur Andrésson og Daði Heiðar Kristinsson tækju sæti í kjörbréfanefnd. Ekki voru aðrar tilnefningar og þau því réttkjörin.
- Þriggja manna fjárhagsnefnd. Er ekki til staðar. Í lið 12 – Lagabreytingartillögur, verður lagt til að hún verði lögð niður.
- Þriggja manna laganefnd. Ekki hafa borist framboð og helst hún því óbreytt.
- Þriggja manna allsherjarnefnd. Er ekki til staðar. Í lið 12 – Lagabreytingartillögur, verður lagt til að hún verði lögð niður.

6. Viðurkenningar

Formaður Kraft veitti kraftlyftingafólki ársins og stigahæsta liði karla og kvenna viðurkenningar KRAFT.

Kraftlyftingakona ársins: Kristín Þórhallsdóttir, ÍA.

Kraftlyftingakarl ársins: Guðfinnur Snær Magnússon, Breiðablik.

Stigahæsta lið í kvennaflokki: Kraftlyftingafélag Reykjavíkur.

Stigahæsta lið í karlaflokki: Stjarnan.

Engar tillögur hafa borist frá Heiðursmerkjanefnd KRAFT um gullmerki eða heiðursmerki KRAFT.

7. Undirritun samstarfssamnings milli Kraftlyftingasambands Íslands og Lyfjaeftirlits Íslands.

Laufey Agnarsdóttir, formaður og Birgir Sverrisson undirrituðu samstarfssamning sem felur í sér fræðslu til iðkenda og aukinn fjölda lyfjaprófa.

8. Ávörp gesta

Willum Þór Þórsson forseti ÍSí flutti stutt ávarp þar sem hann þakkaði sjálfboðaliðum og stjórn KRAFT fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþróttarinnar.

9. Álit kjörbréfanefndar lagt fram til samþykktar

Lára Bogey steig í pontu og fór yfir fjölda atkvæða.

32 kjörbréf voru send til 11 félaga. Fjöldi mætttra þingfulltrúa er 26. Engin mótmæli við talningu atkvæða.

10. Skýrsla fráfarandi stjórnar kynnt

Laufey Agnarsdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Hana er hægt að nálgast á heimasíðu KRAFT.

- KAFFIHLÉ -

11. Endurskoðaðir ársreikningar KRAFT lagðir fram.

Aron Ingi Gautason gjaldkeri KRAFT fór yfir endurskoðaða ársreikninga ársins 2025 með hliðsjón af ársreikningum 2024. Stilltur upp af skoðunarmanni félagsins Magnúsi Magnússyni viðskiptafræðingi og yfirfarinn af kosnum skoðunarmönnum. Ársreikning fá finna á heimasíðu KRAFT.

10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga og reikningar bornir undir atkvæði.

Engar spurningar úr sal. Ársreikningar 2025 bornir undir atkvæði. Samþykktir samhljóða.

11. Fjárhagsáætlun og starfsáætlun stjórnar KRAFT fyrir næsta starfsár lögð fram, rædd og borin undir atkvæði.

Aron Ingi Gautason gjaldkeri KRAFT fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2026. Spurningar úr sal vegna einstakra atriða sem gjaldkeri svaraði. Fjárhagsáætlun 2026 borin undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

12. Tillögur að lagabreytingum, sem og aðrar tillögur.

Daði Heiðar Kristinsson formaður laganeftdar steig í pontu og fór yfir tillögur að lagabreytingum sem stjórn KRAFT leggur til að verði gerðar, en laganeftnd KRAFT kom að þessari vinnu. Um er að ræða nýja breytingu á lögum KRAFT vegna viðurlaga í agamálum. Einnig eru lagðar til nokkrar minni breytingar og uppfærslur. Þingforseti þar undir samþykki breytingarnar í heild sinni. Lagabreytingar í heild sinni samþykktar samhljóða.

13. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Engar þingnefndir eru starfandi.

14. Ákvörðun um þáttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils.

Tillaga stjórnar að hækka þáttökugjöld um 1000 kr. á mót. Kostnaður fyrir einnar lyftumót verður 7000 kr. og þrílyftumót 9000 kr. Af hverju þáttökugjaldi fara 1000 kr. í hæfileikamótun. Hækkunin þ.e. 1000 kr. verða merktar streymi.

15. Kosning formanns, stjórnar KRAFT, tveggja skoðunarmanna ársreikninga og tveggja til vara, formanna fastanefnda sambandsins, fulltrúa á næsta reglulega þing ÍSí í samræmi við lög ÍSí.

- Laufey Agnarsdóttir er ein í kjöri til formanns KRAFT og er því réttkjörin.

- Í stjórn KRAFT voru laus þrjú sæti til tveggja ára. Alex Cambray Orrason, Aron Ingi Gautason og Þórunn Brynja Jónasdóttir sækjast öll eftir endurkjöri. Engin móttframboð hafa borist og eru þau því réttkjörin.
- Skoðunarmenn ársreikninga Ari Kárason og Helgi Briem, hafa ekki beðist lausnar og eru því réttkjörnir sem og varaskoðunarmenn ársreikninga, Ellert Björn Ómarsson og Sigurjón Pétursson.
- Laganefnd: Formaður Laganefndar, Daði Heiðar, hefur ekki beðist lausnar.
- Dómaranefnd: Alex Cambray, hefur ekki beðist lausnar.
- Heiðursmerkjanefnd: Gry Ek, hefur ekki beðist lausnar
- Mótanefnd: Ellert hefur beðist lausnar. Þórunn býður sig fram sem formaður Mótanefndar. Samþykkt með lófaklappi.
- Formaður landsliðsnefndar: Róbert hefur beðist lausnar, Ingimundur Björgvinsson býður sig fram sem formaður Landsliðsnefndar. Samþykkt með lófaklappi.

16. Önnur mál

a. Afreksstefna KRAFT

Laufey stígur í pontu og fer yfir afreksstefnu KRAFT sem var síðast samþykkt á Kraftlyftingapingi 2025. Ein breyting vegna uppfærslu á verklagsreglum um val í landslið en hún snýr að lágmörkum unglunga á NM.

b. Kostnaður við mótahald

Aron Ingi fór yfir kostnað við mótahald og að hækkun mótagjalda 2026 verði eyrnamerkt streyminu.

c. 9. liður í lögum KRAFT sem fjallar um rétt til þingsetu.

Er í endurskoðun. Óskað eftir tillögum.

d. Tillögur frá Stjórnunni

Aron Friðrik stígur í pontu.

Tillaga 1: Að keppendum sé leyfilegt að keppa í einum þyngdarflokki fyrir neðan eða ofan þann flokk sem þeir náðu lágmörkum í. – Ábendingu formlega vísað til stjórnar.

Tillaga 2: Að keppandi geti náð lágmarki á erlent mót í bekkpressu með þátttöku í þrílyftumóti. – Orðalagi verður breytt í verklagsreglum um val í landslið.

Tillögur 3 & 4: Tillögur sem á að leggja fyrir og vinna að á vettvangi IPF. – Vísað til stjórnar sem mun koma þeim til IPF.

17. Þingslit

Formaður KRAFT, Laufey Agnarsdóttir, slítur þinginu kl. 19.20.